



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Velkomin í skólann

Nú þegar skólastarf er farið af stað í Glerárskóla bjóðum við nemendur velkomna til starfa á ný eftir sumarfrí.

Við erum bjartsýn á komandi skólaár og afar glöð yfir því að nemendafjöldinn hefur aukist ár frá ári og telur nú 328 nemendur. Starfsfólki hefur því einnig fjölgað og verða starfandi við Glerárskóla um 60 starfsmenn þetta skólaár.

Áherslupættir skólastarfsins verða kennsluhættir, námsmat, læsi, jákvæður agi, Olweusarvinna, umhverfismál og grenndarfræði. Það er gaman frá því að segja að skólinn hlaut aftur Erasmus+ styrk sem mun nýtast kennurum til að efla þekkingu svo hægt sé að auka víðsýni og getu nemenda. Einnig fékk skólinn styrk frá Endurmenntunarsjóði til eflingar forritunar í skólanum. Við höldum síðan árfam að vinna að Grænfánaverkefninu okkar og vonumst til að fá fánann afhentan í sjötta sinn á þessu skólaári.

Í sumar var skólinn málaður mjög víða innandyra en eins og flestir vita er á áætlun að breyta skólasvæðinu svo þar verði bæði grunn- og leiksskóli. Sú vinna er komin af stað og nú er verið að teikna og hanna svæðið í heild sinni.

Í liðinni viku var árlegur útivistardagur sem tókst vel í alla staði.

Á þessu skólaári verður Glerárskóli (Skóli í Þorpinu) 110 ára gamall. Við gerum því ráð fyrir að halda afmælishátíð þegar líður á skólaárið.

Skólasýnin okkrar HUGUR-HÖND-HEILBRIGÐI verður okkar leiðarljós líkt og áður. Markmið og gildi skólans eru skýr og munum við af alefli leitast við að efla metnað, vellíðan og árangur nemenda.

Verum stolt af skólanum okkar, tölum fallega um hann og styrkjum starfið því við eigum góða nemendur, faglegt starfsfólk og flotta forráðamenn.

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Eyrúnu, Helgu og Tómasi Lárusi



31. ágúst 2018

1. tbl. 8. árg

Til umhugsunar:

- Audlynd
- Samvinna
- Árangur
- Vellíðan

Efnisyfirlit:

Velkomin í skólann	1
Starfsmenn— breytingar	2
Hagnýtar upplýsingar	2
Samræmd próf	3
Öryggi nemenda	3
Veikindi og leyfi	3
Farartæki á hjólum	4
Ávaxta og mjólkur- áskrift	4
Kynningar	4
Ný persónu- verndarlög	4
Næstu mánuðir	4
Norræna skólahlaupið	4

Starfsmenn Glerárskóla—breytingar

Skólaárið 2018-2019 bætast þó nokkuð margir starfsmenn í hópinn í Glerárskóla. Enn er í gangi ráðningarferli kennara en öðrum ráðningum er lokið.

Nýtt starfsfólk 2018-2019:

Helga Ingadóttir, umsjónarkennari í 4. bekk

Jónína Rakel Sigurðardóttir, sérkennari eldri deilda

Sigrún Ágústa Erlingsdóttir, umsjónarkennari 1. bekk

Sigrún Ella Meldal, bókasafnskennari

Eyrún Magnúsdóttir, stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístund

Helga Svava Arnardóttir, stuðningsfulltrúi

H. Hrefna Sævarsdóttir, stuðningsfulltrúi

Hugrún Ólafsdóttir, stuðningsfulltrúi

Margrét Rós Sigurðardóttir, iðjupjálfi

Martha María Kochelska, skólaliði

Þröstur Mikael Jónasson, skólaliði

Auk þeirra hafa verið ráðnir nokkrir stundakennarar og afleysingafólk:

Ellen Sif Skúladóttir, afleysing

Lovísa Rut Stefánsdóttir, stundakennari

María Sigríður Sigfúsdóttir, afleysing

Sindri Geir Óskarsson, stundakennari

Ólöf Sólveig Björnsdóttir, stundakennari í textílmennt, afleysing vegna veikinda

Sandra Sif Ragnarsdóttir, námsráðgjafi, afleysing vegna veikinda

Við bjóðum nýtt starfsfólk velkomið í skólann.

Nokkrar hagnýtar upplýsingar í skólabyrjun

Húsnæði Glerárskóla opnar **kl. 7:45** á morgnana. Vinsamlega virðið þann opnunartíma og sendið ekki nemendur of snemma af stað í skólann.

Skóladagurinn hefst kl. 8:15 á morgnana. Skóla lýkur kl. 13:15 hjá 1. - 4. bekk og frá þeim tíma er frístund opin til kl. 16:15.

Við gerum ráð fyrir að nemendur borði staðgóðan morgunmat en nemendur fá nestistíma á morgnana og bendum við forráðamönnum á að mikilvægt er að þeir séu með hollt nesti eða í ávaxtaáskrift.

Matartímar verða þrískiptir: 1.-3. bekkur um kl. 11:10, 4. bekkur um kl. 11:50, 5. - 6. bekkur um kl. 11:55, 7. bekkur kl. 12:05 og 8. - 10. bekkur kl. 12:10.

Skráningar í mótuneyti, ávaxta -og mjólkuráskrift fara í gegnum www.matartorg.is og hægt er að fá allar upplýsingar um það hjá ritara (Brynja, s: 461-2666).

Allir forráðamenn eiga að hafa aðgang að Mentor en ef einhver hefur glatað lykilorði sínu er hægt að hafa samband við ritara og fá nýtt. Mentor hefur nú þegar verið opnað fyrir forráðamenn.

Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk

Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk verða þreytt í september sem hér segir:

Fimmtudagur 20. september: 7. bekkur—íslenska

Föstudagur 21. september: 7. bekkur—stærðfræði

Fimmtudagur 27. september: 4. bekkur—íslenska

Föstudagur 28. september: 4. bekkur—stærðfræði

Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

Öryggi nemenda

Kæru forráðamenn!

Vinsamlega áréttið við börnin ykkar að fara varlega í umferðinni, sér í lagi þegar þau koma á farartækjum á hjólum í skólann.

Áríðandi er að ALLIR NOTI HJÁLMA og einnig er vert að minna á að bílastæðið við skólann getur verið varasamt á morgnana þar sem umferð bíla er þar þó nokkuð mikil og oft alltof hröð.

Í leiðinni minnum við á að heilsusamlegt er fyrir börnin að ganga eða hjóla í skólann en ef þið forráðamenn komið akandi með börn til/frá skóla biðjum við ykkur að aka varlega á bílastæðinu, leggja bílunum og drepa á þeim ef þið þurfið að bíða um stund.

Veikindi og leyfi



Ef nemendur eru veikir skal láta skólann vita dag hvern, helst strax að morgni. Nemendur 1.—7. bekkjar geta ekki fengið að vera inni fyrir eða eftir veikindi nema um afar sérstakar aðstæður sé að ræða.

Ef nemendur þurfa leyfi frá skóla af einhverjum sökum skal hafa samand við umsjónarkennara vegna leyfa allt að tveimur dögum. Ef óskað er eftir lengra leyfi skal sækja um það til skólastjóra á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans. Það eru ætíð forráðamenn sem sækja um leyfi fyrir nemendur enda bera þeir ábyrgð á námi þeirra. Verið er að vinna að rafrænni umsókn um leyfi.

Ef nemandi fær leyfi frá skóla ber forráðamönnum að sjá til þess að hann dragist ekki aftur úr í námi og fylgi námsáætlun í hvívetna. Athugið að ekki er sjálfgefið að próf eða verkefni séu færð til þó nemandi fari í leyfi



Farartæki á hjólum

Minnum alla á reglur skólans um farartæki á hjólum. Þær má finna á heimasíðu skólans og er gert ráð fyrir að allir fylgi reglunum í hvívetna.

Munum að allir nemendur eiga að nota hjálm!

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Kynningafundir allra árganga verða í september. Nánari dagsetningar og tímasetningar verða auglýstar í pósti frá kennurum.

Ný persónuverndarlög

Nú hafa litið dagsins ljós ný persónuverndarlög í Evrópu. Verið er að vinna við verklagsreglur fyrir skólana en í fyrstu er ljóst að skólinn verður ekki tengdur Facebook og að dagbækur í Mentor verða eingöngu nýttar til einfaldrar, ópersónulegrar skráningar. Í framhaldinu þurfa þeir sem heimsækja skólann að skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu og einnig verður hugað að betri skjalavörslu í skólahúsnæðinu. Innleiðing sem þessi tekur tíma og verða allar upplýsingar til forráðamanna sendar heim þegar þær eru tilbúnar.

September 2018

- 8. september: Dagur læsis
- 16. september: Dagur íslenskrar náttúru
- 20. –21. september: Samræmd próf í 7. bekk
- 26. september: Evrópski tungumáladagurinn
- 27. - 28. september: Samræmd próf í 4. bekk

Október 2018

- 1.— 5. október: Reykjaferð 7. bekkjar
- 18. og 19. október: Haustfrí
- 22. október: Skipulagsdagur - nemendur í fríi og frístund lokuð
- 23. október: Viðtalsdagur

Ávaxta– og mjólkuráskrift

Ávaxtaáskrift er greidd í einu lagi fram að áramótum. Verðið fyrir áramót er kr. 7.026 og samsvarar einum ávexti á dag. Ávextirnir eru sneiddir niður í skál og verða í skálinni 2-3 tegundir af ávöxtum í hverjum nestistíma að morgni. Hakað er við áskriftina í flipanum hressing líkt og mjólkuráskriftin. Áskriftin er rukkuð í einu lagi með matnum í október.

Mjólkuráskrift felur í sér að nemendur fá glas af mjólk í nestistíma. Áskriftin kostar 3.073 fram að áramótum.

Annaráskrift í hádegismat er 433 kr. fyrir máltíðina.

Skráning er á matartorgi en nánari upplýsingar og aðstoð fást hjá ritara.



Skólahlaupið

fer fram

*föstudaginn 14. september
frá kl. 10:35*

*Eftir hlaup er matur í
mötuneyti samkvæmt
matseðli en Foreldrafélag
Glerárskóla gefur
hlaupurunum íspinna í
eftirmat að launum fyrir
dugnaðinn.*